

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 15. janúar 2009
Tímasetning fundar: kl. 17.00 – 19.00
Fundarstaður: Amokka, Borgartúni, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Formaður	Mætt
Jófríður Guðmundsdóttir (JG)	Varaformaður	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Gjaldkeri	Mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir (ÞV)	Ritari	Mætt
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	Meðstjórnandi	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Vararitari	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Lög Gígjunnar og hugmyndir nýrrar stjórnar**

Nýr formaður Gígjunnar, Dagbjört Sigurbergisdóttir, fór yfir lög Gígjunnar og lagði línur að vetrarstarfi stjórnar. Sérstaklega voru lagagreinar nr. 2 og 3 skoðaðar og ýmsar hugmyndir ræddar um það hvernig stjórnin þarf að starfa til þess að ná markmiðum laganna.

DS kallaði eftir hugmyndum frá nýrri stjórn um það hvernig hægt væri að efla sambandið.

Eftirfarandi hugmyndir voru ræddar:

- Fá upplýsingar um erlend kóramót með góðum fyrirvara og koma þeim fyrir inni á vefsetrinu og gera lista á einum stað yfir reglulegar samkomur/mót/keppnir þannig að aðildarkórar hafi aðgang að þeim upplýsingum.
- Safna saman upplýsingum um það hvaða kórar hafa farið á kóramót eða keppnir erlendis. Hafa þessar upplýsingar aðgengilegar þannig að aðrir kórar geti leitað í viskubrunn þeirra sem meiri reynslu hafa.
- Námskeið, umræða og margar hugmyndir af námskeiðum ræddar.
- Kóramótið á Selfossi 2011, ýmsar hugmyndir ræddar. Stofna þarf undirsíðu á vefsetrinu undir Landsmót og byrja að safna þangað inn upplýsingum.
- Safna saman upplýsingum um staði sem góðir eru fyrir æfingabúðir og setja þær á vefsetrið fyrir aðildarkórana.
- Safna saman upplýsingum um tónleikastaði og setja á vefsetrið fyrir aðildarkórana.
- Safna saman upplýsingum varðandi stefgjöld og setja inn á vefsetrið.

2. Fjölga aðildarkórum sambandsins

Ákveðið var að hafa samband við þá kóra sem við vitum að eru starfandi í dag og utan Gígjunnar. Þetta mál er í vinnslu og svona er staðan:

Salka kvennakór á Dalvík – HG er búin að vera í sambandi við þær og senda þeim allar upplýsingar.

Flugfreyjukórinn – DS mun hafa samband við þær og bjóða þeim inngöngu.

Kvennakór Háskóla Íslands – HG mun aftur senda þeim boðsbréf um inngöngu í sambandið en þær fengu bréf í fyrra en vildu þá bíða og sjá.

Þessi mál eru í vinnslu en þarf að fylgja vel eftir og hafa samband símleiðis við þessa kóra. Regnbogakonur og Kvennakór Siglufjarðar eru ekki starfandi núna.

3. Stökur eftir Hildigunni Rúnarsdóttur

Formenn allra aðildarkóranna fengu sendar nótur (í tölvupósti í byrjun janúar 2009) að nýju lagi Hildigunnar Rúnarsdóttur. Búið er að greiða skáldinu. Lagið var samið í tilefni af Alþjóðlega kvennadeginum 8. mars. Stjórn Gíggunnar leggur ekki ofuráherslu á að lagið verði frumflutt þá heldur geta kórarnir flutt það hvenær sem þeim hentar á vorönn 2009 eða síðar. Ákveðið var að óska eftir upplýsingum frá kórnum um það hvernig þeir hygðast nota lagið og ákveðið að senda formönnum póst og benda þeim á að vinna saman, t.d. ef kórar vilja syngja lagið saman við ákveðin tækifæri. Búið er að gera frétt um málið á vefsetrinu og senda kynningarpóst á stóra póstlistann. Umræða spannst um það hvernig stjórnin ætti að standa að kynningu á þessu verkefni og ákveðið var að safna fyrst upplýsingum, frá aðildarkórnum, um það hvenær þeir ætla að syngja lagið. *Stökur* er annað lagið sem kostað er af Tónverkasjóð Gíggunnar.

4. Ógreidd félagsgjöld

Samkvæmt upplýsingum frá gjaldkera þá eru tveir aðildarkórar sem eiga eftir að greiða félagsgjöldin fyrir þetta starfsár: Embla í Eyjafirði og Freyjukórinn í Borgarfirði. Tengiliðir þessara kóra munu hafa samband við þá símleiðis og reka á eftir greiðslu.

5. SFH og flutningur á tónlist aðildarkóranna

Gígjan hefur ekki fengið úthlutun frá SFH fyrir árið 2008. DS hefur sent fyrirspurn til Gunnars en henni ekki verið svarað. DS mun fylgja þessu máli eftir. Gígjan þarf að hvetja aðildarkórana til þess að fá sína tónlist flutta í fjölmiðlum þar sem sá flutningur er beintengdur við greiðslur frá SFH. ÞP mun semja kynningarbréf um þetta málefni sem sent verður á alla formenn.

6. Gígjan er á Facebook

HG hefur stofnað hóp á Facebook sem heitir "Ég er í kvennakór". Hópurinn er umræðuvettvangur allra kvennakórakvenna í landinu og hugsaður til þess að styðja við vefsetur sambandsins. Senda þarf kynningu á þessu á póstlistann. HG mun sjá um það mál.

7. Umsókn til Musica Nova

HG gekk frá umsókn fyrir hönd stjórnar og sendi hana inn til Musica Nova 22. desember 2008. HG hafði síðan samband við Steinunni Birnu Ragnarsdóttur í byrjun janúar til þess að spyrja fregna af því hvenær vænta má svars frá sjóðnum. Við munum fá svar í byrjun febrúar 2009.

8. Fækkun í sambandinu

Kvennakór Bolungarvíkur og Sandlóunnar á Hvammstanga hafa verið skráðar úr Gígjunni. Báðir þessir kórar hafa ekki starfað í rúm tvö ár og ekki greitt félagsgjöld til Gíggunnar. DS hafði samband við kórana (símtal 12. janúar 2009) og spurði fréttu. Illa hefur gengið að manna kórana og óljóst hvort þeir muni taka til starfa aftur. Það varð samkomulag milli formanns Gíggunnar og þeirra (Ólöf Pálsdóttir í Sandlóunum og Margrét Gunnarsdóttir í Kvennakór Bolungarvíkur) að skrá kórana úr sambandinu. Á vefsetrinu þarf að gera undirsíðu sem heitir "Fyrrverandi aðildarkórar" til þess að halda utan um þessar upplýsingar. Málið er í vinnslu. Ákveðið var að hafa fulltrúa frá þessum kórum áfram á póstlistanum.

9. Hugmynd að samvinnu milli aðildarkóra

HG kom með hugmynd að samvinnu milli aðildarkóranna. Oft eru kórar í vandræðum með starfsmenn á tónleikum, en sinna þarf miðasölu, dreifingu á söngskrá, móttöku gesta og ýmsu öðru á tónleikastað. Kórar gætu ráðið annan kór til þess að sjá um þessi mál fyrir sig. "Vinnukórinn" gæti þá komið í sínum korbúningi þannig að það færi ekki á milli mála að þeir væru starfsmenn tónleikanna og þá væri kórinn sem væri að syngja áhyggjulaus þar sem hann hefði "fagmenn" í þessum mikilvægu störfum. Hægt væri að geta þess í söngskrá frá hvaða kór starfsmennirnir væru og þeim þakkað sérstaklega. Ákveðið var að senda þessa hugmynd á fomanapóstlistann.

10. Varastjórn Gígunnar boðuð á fund

Formaðurinn hefur áhuga á því að boða varastjórnina á fund fyrir vorið. Varastjórnin fær afrit af öllum tölvupósti sem fer milli stjórnar þannig að þær geti fylgst með þeim málum sem eru í gangi. DS mun hafa samband við varastjórnina og boða þær á fund.

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund 2. apríl 2009.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.